


Aðalskipulag Rangárþings ytra 2016-2028

Breyting á skilmálum verslunar- og þjónustusvæðis fyrir Uxahrygg



AÐALSKIPULAG RANGÁRÞING YTRA 2016-2028, TÓK GILDI 09.10.2019, EKKI Í KVARÐA Svæðið sem breytingum tekur er innan rauða hringsins

Greinargerð

Gerð er breyting á Aðalskipulagi Rangárþings ytra 2016 – 2028 skv. 2. mgr. 36 gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Einungis er gerð textabreyting og er skilmálum fyrir verslunar- og þjónustusvæði VP6 breytt en uppdráttur helst óbreyttur. Á verslunar- og þjónustusvæði verður heimilt að vera með allt að 50 gesti í stað 15.

Forsendur

Svæðið er í landi Uxahryggjar 1. í aðalskipulagi er svæðið verslunar- og þjónustusvæði sýnt með hringtákninu við sveitarfélagsmörk. Skógræktarsvæði Skógræktarfélags Rangæinga við Þverá er norðan lóðarinnar í Rangárþingi eystra. Engar jarðmyndanir eru á svæðinu sem falla undir sérstaka vernd vistkerfa og jarðminja skv. 61. gr. laga um náttúruvernd og engar þekktar fornminjar eru á svæðinu. Finnist áður óþekktar fornminjar skal stöðva framkvæmdir og tilkynna fundinn til Minjastofnunar Íslands. Í stefnu sveitarfélagsins í aðalskipulagi segir að þjónusta við ferðamenn skal eflid og afþreyingarmöguleikum fjölgað til að fjölga atvinnutækifærum og renna styrkari stöðum undir byggðarlagið. Nú þegar er búið að reisa reisa 5 gistihús á svæðinu og er því verið að nýta núverandi innviði.

Umhverfisáhrif

Líkleg áhrif af stefnu aðalskipulagsbreytingarinnar eru metin skv. lögum um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021. Áhrif á landnotkun eru einnig metin óveruleg þar sem verið er að auka starfsemi á núverandi verslunar- og þjónustusvæði, vegur og veitur eru þegar við svæðið og er því verið að nota núverandi innviði.

Breyting á greinargerð

Greinargerð fyrir breytingu

Tafla í kafla 2.3.4. Verslun og þjónusta

VERSLUNAR- OG ÞJÓNUSTUSVÆÐI			Fjöldi gistiþlássa	Fjöldi gistiþlássa heimild
Nr.	Heiti svæðis	Lýsing		
VP6	Uxahryggur	Í deiliskipulagi er gert ráð fyrir uppbyggingu í tengslum við ferðaþjónustu, s.s. gistingu. Stærð svæðisins er um 5 ha.	10	15

Greinargerð eftir breytingu

Tafla í kafla 2.3.4. Verslun og þjónusta

VERSLUNAR- OG ÞJÓNUSTUSVÆÐI			Fjöldi gistiþlássa	Fjöldi gesta - heimild
Nr.	Heiti svæðis	Lýsing		
VP6	Uxahryggur	Í deiliskipulagi er gert ráð fyrir uppbyggingu í tengslum við ferðaþjónustu, s.s. gistingu. Stærð svæðisins er um 5 ha.	15	50

Breyting að lokinni auglýsing

Við ábendingu Skipulagsstofnunar er dálkaheiti í kafla 2.3.4 breytt úr fjölda gistiþlássa í fjölda gesta.

SAMPYKKTIR

Aðalskipulagsbreyting þessi, sem hefur fengið málsmeðferð skv. 2. mgr. 36. gr.


skipulagslaga nr. 123/2010 var samþykkt í skipulags- og umferðarnefnd þann

2.2.2023


og í sveitarstjórn Rangárþings ytra þann 8.2.2023



Aðalskipulagsbreytingin var staðfest af Skipulagsstofnun þann 3.08.2023



Rangárþing ytra



AÐALSKIPULAG RANGÁRÞING YTRA 2016-2028

SKÝRINGAR

ATVINNA OG BYGGÐ

- IB Íbúðarbyggð
- F Fristundabyggð
- AF Afþreyingar- og ferðamannasvæði
- VP Verslun- og þjónusta
- S Samfélagsþjónusta
- OP Opín svæði
- Landbúnaðarsvæði
- Skógræktar- og landgræðslusvæði
- Þróttasvæði
- Óbyggð svæði
- Íðnaðarsvæði
- Miðlunarlón, stífla og göng
- ST Strandsvæði
- Efnistöku- og efnislosunarsvæði
- FV Flugbraut / lendingarstaður



Aðalskipulag Rangárþings ytra 2016-2028

Breyting á skilmálum verslunar- og þjónustusvæðis fyrir Uxahrygg

VERK: 102459 BLADSTÆRÐ: A3 UNNID: AB RÝNT: BRE

MÆLIKVARÐI: EKKI Í KVARÐA DAGS: 12.08.2022 DAGS.BREYTT: 21.07.2023

SAMPYKKT: